

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 136/2010

frá 10. desember 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2010 frá 10. nóvember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/71/EB frá 13. desember 2007 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB um aðstöðu í höfnum til að taka á móti úrgangi skipa og farmleifum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56i (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/59/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„– **32007 L 0071**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/71/EB frá 13. desember 2007 (Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 33).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/71/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 81, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 3.3.2011, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 329, 14.12.2007, bls. 33.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.